

1862.

29. októberm.

71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um brot gegn verzlunarlögum.

Utanríkisstjórnin hefir með bréfi 14. þ. m. sent dómsmálastjórninni eptirrit af umkvörtunarbréfi frá hinum konunglega spanska sendiboða hér í bænum, viðvíkjandi því, að krafín hafi verið á Íslandi sekt af skipstjóra, að nafni Talleria, er ræði fyrir spönsku skipi „Tres Hermanos“, svo og eptirrit af skýrslu frá hinum konunglega kaupræðismanni í Liverpool, og sèst af þeirri skýrslu, hvað fram hefir farið milli hans og skipstjórans; hefir hið heiðræða stjórnarráð skorað á dómsmálastjórnina að útvega þær skýrslur um málefni þetta, sem þurfa til þess, að það geti svarað umkvörtun þessari, svo sem vera ber.

Með því dómsmálastjórnin þegar hefir fengið fullkomna skýrslu um málefni þetta, út af bænaraskrá, sem hingað kom frá Wulff verzlunarstjóra í Reykjavík, um uppgjöf á sekt þeirri, sem að ofan er getið, þá leyfir stjórnarráðið sér að senda utanríkisstjórninni til eptirsjónar skjöl þau, er málið snerta, og einnig eptirrit af þeim úrskurði, er dómsmálastjórnin hefir lagt á málið, og skal jafnframt geta þess, að af skjölunum virðist það vera öldungis vafalaust, að það hlýtur að koma af misskilningi, þar sem sagt er í bréfi hins spanska sendiherra, að 100 ríkisdala sekt hafi verið heimtuð af Talleria skipstjóra fyrir það, að hann ekki hafi haft meðferðis öll þau skjöl, sem hann átti að hafa á skipi sínu, án þess menn hafi getað tilgreint hvaða skjal hann vantaði; því sektin var krafín af honum fyrir þá sök, að hann ekki hlýddi boðinu í 3. gr. í lögum 15. aprílm. 1854, um að koma fyrst við á einhverri af þeim 6 höfnum, sem nefndar eru í 2. gr. í lögum þessum. En málið er svo vaxið, að þegar Talleria skipstjóri var kominn til Keflavíkur verzlunarstaðar í Gullbringu sýslu beina leið frá Liverpool, án þess að hafa meðferðis íslenskt leiðarbréf, fór Wulff verzlunarstjóri fyrir hans hönd til bæjarfógetans í Reykjavík til að fá leiðarbréfið, en er bæjarfógetinn neitaði að láta það af hendi nema skipið fyrst kæmi við í Reykjavík samkvæmt ofangreindri lagaákvörðun, en skipstjórinn á hinn bóginn neitaði að fara eptir ákvörðun þessari, og bar

Það fyrir, að Knudtzon stórkaupmaður í Kaupmannahöfn hefði 1862.
 aðeins samið um, að skip sitt skyldi fara til Keflavíkur, þá sendi 29. októberm.
 Wulff stiptamtmanninum bænarskrá um, að bæjarfógetinn fengi
 vald til að gefa út leiðarbréfið, án þess að skipið kæmi til
 Reykjavíkur, því að öðrum kosti mundi bæði sá, er skipið hefði
 leigt, og skipstjórinn, verða fyrir töluverðum skaða. Stiptamt-
 maður lagði síðan þann úrskurð á málið, að reyndar stæði ekki
 í hans valdi að leysa neinn frá boði laganna í þessu efni, en
 að hann á hinn bóginn eptir skýrslum þeim, sem fram voru
 komnar um atvik málsins, ekki væri mótfallinn því, að skipið
 væri affermt á þeim stað, þar sem því hafði verið ætlað að
 koma, með því skilyrði, að Wulff undirgengist að borga sekt þá,
 sem stjórnarráðið kynni að ákveða, og skyldi hann þar að auki
 senda hlutaðeigandi yfirvöldum bréf til dómsmálastjórna-
 rinna um málið, með skýrslu um, hvernig ástatt hefði verið, og skil-
 ríkjum um, að hið lögboðna lestagjald hefði greitt verið. Þetta
 bréf er nú hingað komið, og með því allt, sem fram er komið í
 málinu virðist benda á, að skipstjóranum hafi ekki verið kunnugt,
 að hann eptir lagaboði því, sem að ofan er getið, var skyldur
 að koma fyrst við í Reykjavík eða á einhverri annari af höfnum
 þeim, sem nefndar eru í lögunum, þá hefir stjórnarráðið eptir
 því, hvernig ástatt er, leyft að sektin megi niður falla.

Um leið og þetta er gefið hinu heiðraða stjórnarráði til
 vitundar, leyfir dómsmálastjórnin sér að benda á, hvort ekki
 virðist vera ástæða til að brýna fyrir kaupræðismönnum í
 Bilbao, þaðan sem skip þetta hefir verið gjört út, og kaupræðis-
 mannum í Liverpool, að þeir eigi að leiða athygli hlutaðeig-
 andi skipstjóra að optnefndri lagaákvörðun, og hvað af því
 geti leitt, ef ekki sé eptir henni breytt.

72. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfir- 11. nóvember.
 valdanna á Íslandi, um launaviðbót eptir kornverði
 handa settum skólakennara.

Eptir að búið er að skrifast á við fjárstjórnina, svo sem
 um var getið í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 27. f. m.,